

# Árangurskönnun Menning

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í  
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2019


# Inngangur

- Þessi könnun fjallar um árangur og þjónustu sem tengjast verkefnum sem hlutu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands 2019.
- Könnunin var send út á þá styrkþega sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnunin var send út á 71 styrkþega og fengust svör frá 29 eða samtals 40% svörun.
- Könnunin var framkvæmd 25. nóvember – 14. desember, send var út ein áminning.


# Flokkur verkefna og upphæð styrkveitingar

Flest verkefni tilheyrði flokknum Tónlist eða 38%, þar á eftir kom flokkurinn Myndlist/ljósmyndalist eða 21% allra verkefna. 93% af þeim sem svöruðu könnuninni skiluðu inn lokaskýrslu, 7% þeirra sem svöruðu var styrkveiting felld niður eða verkefni fór ekki af stað. Nokkuð jafnt var með verkefnum hvort þau hlutu styrk að vori eða hausti 2019. Algengasta upphæðin var á billinu 251-500 þúsund.


Flokkur verkefnis



Hvenær hlaut verkefnið styrk?




Styrkuppheð




# Árangur verkefnis

65% svara því að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika ef ekki hefði verið fyrir styrkveitingu. Þeir sem héldu viðburð eða samkomu voru flestir að fá á bilinu 101-500 manns inná samkomuna og yfir 95% styrkþega töldu árangur verkefnisins með tilliti til markmiða sjóðsins vera mjög góðan eða góðan.


Ef um viðburð/samkomu var að ræða,  
hversu margir mættu?



Telur þú að verkefnið hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að "efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi"?




# Árangur verkefnis

72% svarenda telja að mögulegt framhald verði að verkefninu og 45% telja að styrkurinn hafi leitt til annarrar fjármögnunar, s.s. aðrir styrkir eða önnur fyrirgreiðsla.

Telur þú mögulegt að framhald verði á verkefninu?




Telur þú að styrkveiting hafi leitt til annarrar fjármögnunar, s.s. aðrir styrkir eða önnur fyrirgreiðsla?



# Árangur verkefnis

55% telja að stærð og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna eða verkefna hverju sinni og 38% að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. Tæp 90% eru á þeirri skoðun að það eigi að vera tvær úthlutanir á ári, að vori og að hausti.

Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi?




Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




# Ánægja styrkþega

Nokkuð mikil ánægja er meðal styrkþega. Tæp 90% styrkþega eru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitingu á vegum SASS. 89% eru frekar eða mjög ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni og tæp 89% eru frekar eða mjög ánægðir með útgreiðslu styrkveitinga.


Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með styrkveitingu á vegum SASS?



Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?




Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



# Stuðningsþjónusta

Niðurstöður eru afgerandi þegar spurt er um hvort þörf eru á aukinni stuðningsþjónustu við menningu og listir og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu, eða 66%. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Fyrstu þrjú atriðin á listanum eru þau sömu og í fyrra. Styrkþegar telja jafnframt vanta aðgengi að fræðslu og þekkingu, en það er flokkur sem var í tæpum 12% í síðustu könnun en er nú í tæpum 35%.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu- og listir á Suðurlandi?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta?  
(Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	51.72%	15
Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	37.93%	11
Aðstoð við markaðsmál	34.48%	10
Aðgengi að fræðslu og þekkingu	34.48%	10
Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbygginarsjóð	27.59%	8
Handleiðslu og ráðgjöf	27.59%	8
Annað, þá hvað	20.69%	6
Upplýsingaþjónusta	17.24%	5
Aðstoð við verkefnastjórnun	17.24%	5
Eftirfylgni styrkveitinga	6.90%	2
Aðstoð við útflutning	3.45%	1
Total Respondents:		29



# Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

Það verkefni sem fékk styrk blómstraði og allir sem voru þátttakendur hafa haldið ótrauðir áfram með skyld verkefni og oftlega fengið aðra með sér.

Það þarf að hlúa að stórum og metnaðafullum verkefnum.

Gott aðgengi að því sem ég þurfti á að halda.

Það mætti hækka styrkupp hæðir verulega.

Þakklæti fyrir veittan stuðning.

Uppörvandi að þýðingamikil starfsemi er viðurkennd.

## Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára. Almennu eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir. Almenn ánægja með styrkveitingu hefur þó lækkað úr rúmum 95% í tæp 90%, en á móti hefur ánægja með handleiðslu og eftirfylgni, og útgreiðslu styrkja aukist úr 86% í 89%.

Styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru þar þrjú flokkar sem standa upp úr, þ.e. aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði, og aðstoð við markaðsmál. Það sem er breytt núna er að styrkþegar telja aukna þörf fyrir aðgengi að fræðslu og þekkingu, eða tæp 35% svarenda, sem er stórt stökk frá síðustu könnun þar sem þessi flokkur var í tæpum 12%.